

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., er taki gildi 1. maí 2006.

Gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254, 24. mars 2003:

3. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 19.680 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 ltr/mín., eða minna greiða einnig fastagjald kr. 8.832 á ári, auk virðisaukaskatts.

4. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennismæli greiða kr. 63,88 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. apríl 2006.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.